

# Fundargerð 835. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2016, föstudaginn 29. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Helgason, Gunnar Axel Axelsson, Ólafur Guðmundur Adolfsson í forföllum Jónínu Ernu Arnardóttur, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Gunnar Einarsson, Elsa Hrafnhildur Yeoman í forföllum Sigurðar Björns Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 834. fundar - 1412022SA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 834. fundar frá 11. desember 2015.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

**2. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA**

Lögð fram fundargerð 96. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 14. desember 2015.

**3. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1511037SA**

Lögð fram fundargerð 28. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 7. desember 2015.

**4. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1511036SA**

Lögð fram fundargerð 22. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 15. janúar 2016.

*Stjórn sambandsins fagnar þeim áfanga sem náðst hefur í því að móttframlag framkvæmdaraðila vegna styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er nú 20% af samþykktu kostnaðaráætlun í stað 50% áður.*

**5. Fundir Jónsmessunefndar - 1601005SA**

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefndar - frá 20. janúar 2016.

**6. Staða kjaraviðræðna - 1409043SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 26. janúar 2016, um stöðu kjaraviðræðna samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga í janúar 2016. Sviðsstjóri gerði nánari grein fyrir minnisblaðinu og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

**7. Kjarasamningar 2015-2019 - 1409043SA**

Lagðir fram til staðfestingar samningar milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkstjórasambands Íslands, dags. 11. janúar 2016, Samiðnar, Matvís og Félags vélstjóra og málmæknimanna, dags. 8. janúar 2016, um breytingar og framlengingu kjarasamninga aðila.

*Stjórn sambandsins samþykkti framangreinda kjarasamninga fyrir sitt leyti.*

**8. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015 - 1601021SA**

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2015. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs gerðu nánari grein fyrir reikningnum.

*Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi sambandsins fyrir árið 2015 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*

**9. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2015 - 1601071SA**

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2015. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs gerðu nánari grein fyrir reikningnum.

*Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2015 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*

**10. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2016 - 1601020SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun sambandsins og Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2016, ásamt greinargerð. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs gerðu nánari grein fyrir áætluninum.

*Stjórn sambandsins samþykkir tillögur að fjárhagsáætlunum sambandsins og Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2016.*

**11. Starfsáætlun sambandsins 2016 - 1601019SA**

Lögð fram til staðfestingar starfsáætlun sambandsins 2016, sem framkvæmdastjóri gerði nánari grein fyrir.

*Stjórn sambandsins staðfestir starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2016.*

**12. Landsþing 2016 - 1511223SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 26. janúar 2016, með hugmynd um umfjöllunarefni á landsþingi 2016.

*Framkvæmdastjóra falið að leggja fram drög að dagskrá landsþingsins á næsta fundi stjórnar, sem taki mið af þeim umræðum sem fram fóru á fundinum.*

**13. Lokasamkomulag um fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk - 0712408SA**

Lagt fram lokasamkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk, dags. 11. desember 2015.

*Stjórn sambandsins staðfestir samkomulagið fyrir sitt leyti.*

**14. Reglugerð um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016 - 1601066SA**

Lögð fram drög að umsögn sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, um reglugerð um framlög í málaflokki fatlaðs fólks 2016.

*Stjórn sambandsins samþykkir drög að umsögn, en óskar eftir að 5. töluliður á bls. 2 í umsögninni verði umorðaður miðað við umræður á fundinum.*

**15. Samkomulag um samstarf um MenntaMiðju - 1511126SA**

Lagt fram samkomulag milli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Kennarasambands Íslands, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um samstarf um MenntaMiðju, dags. 26. janúar 2016.

*Stjórnin staðfesti samkomulagið fyrir sitt leyti.*

**16. Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga - sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði - 1511198SA**

Lögð fram umsögn Sveitarfélagsins Skagafjarðar til nefndasviðs Alþingis, dags. 18. janúar 2016, um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði) og ályktun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 11. janúar 2016, um frumvarpið. Jafnframt lagt fram skjal með öllum umsögnum sem borist hafa nefndinni.

*Framkvæmastjóra og sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs falið að draga saman upplýsingar um tekjutap hvers sveitarfélags vegna skattfrelsis séreignarlífeyrissparnaðar sem nýttur er til húsnæðiskaupa og leggja þær upplýsingar fram á næsta fundi stjórnar 26. febrúar nk.*

**17. Hjúkrunarheimili - endurskoðun daggjalda og gerð þjónustusamninga - 1501029SA**

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins gerði grein fyrir stöðu málsins og lagði fram minnisblað Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, dags. 27. janúar 2016, um stöðu og rekstrarumhverfi hjúkrunarheimila.

Jafnframt lagt fram bréf Mýrdalshrepps, dags. 18. janúar 2016, um stöðu Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Hjallatúns í Vík.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

*Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var þann 29. janúar 2016, var staða samninga um daggjöld hjúkrunarheimila við Sjúkratryggingar Íslands rædd, svo og erfið fjárhagsstaða hjúkrunarheimila víða um land.*

*Stjórnin leggur áherslu á að við ákvörðun daggjalda hjúkrunarheimila verði tekið tillit til húsnæðiskostnaðar heimilanna, daggjöldin byggji á kröfu- lýsingum ríkisins og gæðaviðmiðum Landlæknisembættisins um starfsemi*

*þeirra og smæðarálag sé ákvarðað á þann hátt að lítil hjúkrunarheimili verði gerð rekstrarfær.*

*Ef ekki er vilji til þess að ganga að þeim kröfum verði hafnar viðræður um að rekstur viðkomandi hjúkrunarheimila færist alfarið til ríkisins. Einnig leggur stjórn sambandsins ríka áherslu á að viðræður um lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila hefjist sem fyrst.*

**18. Viðræður um nýtt lífeyriskerfi opinberra starfsmanna - 1309012SA**

Framkvæmdastjóri sambandsins skýrði frá stöðu viðræðna um hugsanlegar breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna.

*Málið verður aftur tekið á dagskrá á næsta stjórnarfund.*

**19. Varasjóður húsnæðismála - 1512035SA**

Lögð fram bókun stjórnar Byggðaráðs Dalvíkurbyggðar frá 3. desember 2015 vegna afgreiðslu á umsókn ráðgjafanefndar Varasjóðs húsnæðismála frá 11. nóvember 2015 á umsókn um framlag vegna sölu á félagslegri eignaríbúð. Byggðaráð Dalvíkurbyggðar beinir því til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að beita sér fyrir lausn á þessu máli, því um er að ræða mikið hagsmunamál fyrir Dalvíkurbyggð og fleiri sveitarfélög í sömu stöðu.

*Framkvæmdastjóra falið að ræða við stjórn Varasjóðs húsnæðismála með það að markmiði að fundin verði lausn á vanda Dalvíkurbyggðar.*

**20. Starfshópur til að endurskoða fyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsskólastigi - 1506224SA**

Formaður og sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerðu grein fyrir stöðu viðræðna um gerð nýs samkomulags um stuðning ríkisins við tónlistarnám og jöfnun og aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

**21. Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 1103020SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 53. fundar samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks frá 11. desember 2015.

**22. Tilnefning í íþróttanefnd - 1409003SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 31. desember 2015, þar sem Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi Hveragerðisbæjar, er tilnefnd sem aðalmaður, og Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar, sem varamaður í íþróttanefnd.

**23. Kjör í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 1511199SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 31. desember 2015, þar sem Sigurður Pétursson, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, og Adolf H. Berndsen, oddviti Sveitarfélagsins Skagastrandar, eru kjörnir til áframhaldandi setu í stjórn stofnunarinnar.

**24. Tilnefning í samráðshóp um öryggi ferðamanna - 1512045SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 5. janúar 2016, þar sem Lúðvík E. Gústafsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur í samráðshóp um öryggi ferðamanna.

- 25. Tilnefning í starfshóp um orlofsmál fatlaðs fólks - 1512021SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 8. janúar 2016, þar sem Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um orlofsmál fatlaðs fólks.
- 26. Tilnefning í samstarfsnefnd um tónlistarfræðslu - 1601023SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. janúar 2016, þar sem Sigfríður Björnsdóttir, deildarstjóri listfræðslu fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, er tilnefnd sem aðalamaður, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, til vara, í samstarfsnefnd um tónlistarfræðslu.
- 27. Tilnefning í námsstyrkjanefnd - 1511248SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. janúar 2016, þar sem Valur Rafn Halldórsson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, er tilnefndur til áframhaldandi setu í námsstyrkjanefnd.
- 28. Tilnefning í undirbúningshóp vegna stofnunar Þjóðhagsráðs - 1601030SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 20. janúar 2016, þar sem Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, er tilnefndur í undirbúningshóp vegna stofnunar Þjóðhagsráðs.
- 29. Tilnefning í nefnd um hættumatsviðmið vegna eldgosa - 1601051SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 21. janúar 2016, þar sem Lúðvík E. Gústafsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur í nefnd um hættumatsviðmið vegna eldgosa.
- 30. Umsögn um frumvarp til laga um fullnustu refsinga - 1409021SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 10. desember 2015, um frumvarp til laga um fullnustu refsinga, 332. mál.
- 31. Umsögn um drög að lýðheilsustefnu - 1406049SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 22. desember 2015, um drög að lýðheilsustefnu.
- 32. Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu - 1503020SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskipta- nefndar Alþingis, dags. 6. janúar 2016, um frumvarp um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingar, 384. mál.
- 33. Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðissamvinnufélög - réttarstaða búseturéttarhafa og rekstur húsnæðissamvinnufélaga - 1505012SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 13. janúar 2016, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðissamvinnufélög nr. 66/2003 (réttarstaða búseturéttarhafa, rekstur húsnæðissamvinnufélaga), 370. mál, ásamt fylgiskjali.

- 34. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum - 1505011SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 15. janúar 2016, um breytingu á húsaleigulögum nr. 36/1994 (réttarstaða leigjanda og leigusala), 399. mál.
- 35. Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðisbætur - 1512050SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 18. janúar 2015, um frumvarp til laga um húsnæðisbætur, 407. mál.
- 36. Umsögn um frumvarp til laga um almennar íbúðir - 1512052SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 18. janúar 2016, um frumvarp til laga um almennar íbúðir, 435. mál.
- 37. Umsögn um drög að reglugerð um þjóðarleikvanga - 1601024SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 19. janúar 2016, um drög að reglugerð um þjóðarleikvanga.
- 38. Undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt - 1509017SA**  
Lagt fram til kynningar bréf Ríkisskattstjóra til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 10. desember 2015, um undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.
- 39. Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs 2016-2020 - 1601016SA**  
Lagt fram til kynningar fréttabréf hag- og upplýsingasviðs sambandsins, 2. tbl. 2016, um fjárhagsáætlanir 2016.
- 40. Bandalag íslenskra skáta - alþjóðleg gæðaúttekt - 1601017SA**  
Lagt fram til kynningar bréf Bandalags íslenskra skáta, dags. 29. desember 2016, um alþjóðlega gæðaúttekt Skátahreyfingarinnar 2015.

Fundi var slitið kl. 15:06.

---

Halldór Halldórsson

---

Eiríkur Björn Björgvinsson

---

Skúli Helgason

---

Gunnar Axel Axelsson

---

Ólafur Guðmundur Adolfsson

---

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

---

Gunnar Einarsson

---

Elsa Hrafnhildur Yeoman

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Gunnhildur Ingvarsdóttir

---

Ísólfur Gylfi Pálmason

---

framkvæmdastjóri

---

ritari